

**Nð.**

**710. Breytingartillögur**

**[199. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Jónasi Árnasyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina kemur:

Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að hreinar árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 50000 kr. miðað við vísitölu 155.

Til sama tíma skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarandi fyrir hjón.

Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.

2. Á eftir 7. gr. kemur svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á meðan samningar þeir um kaup og kjör ýmissa verkalýðsfélaga, sem gerðir voru 19. des. s. l., eru í gildi, skulu fjölskyldubætur samkvæmt reglum 3. gr. einnig greiddir þeim, er hafa yfir 50 þús. kr. hreinar tekjur, enda greiði ríkissjóður Tryggingastofnun ríkisins upphæð þá, er til þess þarf.